

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kópavogi.

Smáratorg 3. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogs þann 22. apríl 2003 samþykkt tillögu að deiliskipulagi á lóð Smáratorgs við Dalveg (merkt 3). Í tillögunni felst að byggt verði skrifstofu- og verslunarhús á suðurhluta lóðarinnar (að Fífuhvamsvegi) að heildarflatarmáli um 20.000 m² þar af um 7.500 m² í bílageymslukjallara, rúmir 4.000 m² í einnar hæðar verslunarhúsnæði og rúmir 8.000 m² í skrifstofuturni sem mun rísa 19 hæðir upp úr verslunarhúsnæðinu. Tillagan er sett fram á uppdráttum í mkv. 1:500, 1:1000 og 1:5000 dags. 25. ágúst 2002 ásamt greinargerð og skýringarmyndum. Á fundi skipulagsnefndar 15. apríl 2003 var tillagan lögð fram að nýju ásamt framkomnum athugasemdum og ábendingum er borist höfðu á kynningartíma. Skipulagsnefnd samþykkti framlagða tillögu að deiliskipulagi Smáratorgs 3 ásamt umsögn bæjarverkfræðings og skipulagsstjóra, dags. 25. mars 2003 um ofangreindar athugasemdir og ábendingar og vísaði málinu til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar. Í bókun lagði nefndin jafnframt til við bæjarráð að bæjarverkfræðingi verði falið að leita samninga við lóðarhafa Smáratorgs og Smáralindar um fyrirhugað tengiplan/bílastæði milli Smáratorgs og Smáralindar þ.e. yfir Fífuhvamsveg; að haldið sé opnum þeim möguleika, í skipulagningu aðalगतnakerfisins á svæðinu, að Digranesvegur framlengist í austur undir Reykjanesbraut inn á lóð Linda IV. Þá benti nefndin jafnframt á nauðsyn þess að komið verði fyrir tengingu af Fífuhvamsvegi inn á lóð Smáratorgs. Á ofangreindum fundi bæjarstjórnar var jafnframt áréttuð bókun skipulagsnefndar frá 15. apríl 2003.

Með tilvísan í framkomnar athugasemdir og ábendingar hafa eftirfarandi breytingar verið gerðar á auglýstri tillögu að deiliskipulagi Smáratorgs 3: framsetning gildandi deiliskipulags leiðrétt og greinargerð færð inn á uppdráttinn; bílastæðakjallari minnkaður; endurskoðun á fyrirkomulagi bílastæða, bæði í fyrirhuguðum kjallara og á þaki Smáratorgs 3, við þetta fækkaði bílastæðum um 5 (verða 1.120 í stað 1.125), en bílastæðapörf lóðarinnar er áætluð 995; byggingarreitur ofanjarðar tilgreindur skýrar; akstursleiðir vegna lúgusölu við Smáratorg 5 (McDonald's) hafa verið endurskoðaðar og málsgrein um gerð og útlit byggingar bætt inn í greinargerð. Ofangreindar leiðréttingar/breytingar á framlögðum gögnum voru kynntar og staðfestar í skipulagsnefnd 18. nóvember 2003 og í bæjarráði Kópavogs 20. nóvember 2003.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Nánari upplýsingar eða gögn um ofangreindar deiliskipulagsáætlanir og afgreiðslu þeirra er hægt að nálgast á bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 200 Kópavogi, milli kl. 8.00 og 16.00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá kl. 8.00 til 14.00.

Kópavogi, 24. nóvember 2003.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.